


Akureyri, 26. apríl 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eypings hefur fengið til umsagnar frá Atvinnuveganefnd Alþingis **frumvarp til laga um breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, mál 411.**

Stjórn Eypings er í meginatriðum sammála áherslum sem koma fram í frumvarpinu en leggur áherslu á að skýra þarf betur og horfa til lengri tíma varðandi ákveðin atriði sem snúa að fjármögnun. Mikilvægt er að fyrir liggja áætlun um hve mikið fjármagn fari í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða á næstu árum og að sú áætlun verði fjármögnuð á fjárlögum. Þá er mikilvægt að skýrt sé hvaðan fjármagn til einstakra framkvæmda á að koma, þ.e. úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminja, af fjárlögum eða úr Framkvæmdasjóði svo ferðamannastöðum verði ekki vísað á milli fjármögnunarleiða eða lendi á milli þeirra.

F.h. stjórnar Eypings



Linda Margrét Sigurðardóttir
Verkefnastjóri